

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 63/2011

2017/EES/40/08

frá 26. janúar 2011

## um ítarleg ákvæði varðandi umsókn um undanþágu frá markmiðum um sértæka losun koltvísýrings skv. 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-sambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 frá 23. apríl 2009 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra fólksbifreiða sem hluta af samþættri stefnu Bandalagsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum <sup>(1)</sup>, einkum 8. mgr. 11. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 geta smærri framleiðendur og framleiðendur sem framleiða fyrir markaðskima sótt um önnur markmið um að draga úr losun sem tengjast möguleikum ökutækja tiltekens framleiðanda til að draga úr losun þeirra á koltvísýringi, og í samræmi við eiginleika markaðarins fyrir hlutaðeigandi tegundir bifreiða.
- 2) Við ákvörðun á getu smærri framleiðanda til að draga úr losun skal meta efnahagslega og tæknilega getu umsækjanda. Í því skyni skal umsækjandinn veita ítarlegar upplýsingar um atvinnustarfsemi sína auk upplýsinga um tækni sem notuð er í bifreiðunum til að draga úr losun koltvísýrings. Umbeðnar upplýsingar fela í sér gögn sem umsækjandinn getur nálgast auðveldlega og skulu ekki fela í sér viðbótarstjórnsýsluálag.
- 3) Til að tryggja samkvæmni milli þess markmiðs um að draga úr losun sem farið er fram á við smærri framleiðendur og framleiðendur sem framleiða fyrir markaðskima, og til að forðast að smærri framleiðendur, sem drógu úr sértækri meðaltalslosun á koltvísýringi fyrir 2012, standi höllum fæti, skulu markmið um sértæka losun koltvísýrings fyrir þessa framleiðendur borin saman við sértækt viðmiðunarmeðaltal losunar koltvísýrings árið 2007. Ef þessi gögn liggja ekki fyrir skal markmiðið borið saman við sértæka meðaltalslosun á koltvísýringi á næstkomandi almanaksári sem næst er árinu 2007.
- 4) Til að tillit sé tekið til takmarkaðs vöruframboðs sumra smærri framleiðenda og takmarkaðs svigrúms til að dreifa því að dregið er úr losun yfir allan flotann sem af því leiðir, skal heimila umsækjendum að velja á milli eins árlegs markmiðs um sértæka losun fyrir undanþágutímabilið eða mismunandi árlegra markmiða, sem leiðir til þess að við lok undanþágutímabilsins hefur dregið úr losun miðað við grunnviðmiðið frá árinu 2007.
- 5) Ákvæði 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 heimilar tilteknum framleiðendum sem framleiða fyrir markaðskima að njóta ávinnings af öðru markmiði um sértæka losun sem er 25% lægra en sértæk meðaltalslosun þeirra á koltvísýringi árið 2007. Samsvarandi markmið um sértæka losun sem byggir á bestu fánlegu tækni til að draga úr losun á koltvísýringi sem völ er á árið 2007, skal ákvarðað þegar upplýsingar um sértæka meðaltalslosun framleiðanda á koltvísýringi eru ekki til fyrir árið 2007. Hlutfallið á milli hámarksafis og massa ökutækis skal nota til að greina á milli mismunandi markaðseiginleika fyrir bifreiðar af tilteknum massa í þeim tilgangi að auðkenna bestu fánlegu tæknina til að draga úr losun á koltvísýringi.
- 6) Til að veita smærri framleiðendum og framleiðendum sem framleiða fyrir markaðskima skýrt grunnviðmið sem nota má til að ákvarða markmið um sértæka losun, var gerð skrá yfir framleiðendur og sértæka meðaltalslosun þeirra á koltvísýringi í Sambandinu árið 2007 að loknu formlegu samráði við aðildarríkin og helstu hagsmunaaðila, þ.m.t. samtök evrópskra (ACEA), japanskra (JAMA) og kóreskra (KAMA) bifreiðaframleiðenda, og Evrópusambandi smærri framleiðenda (ESCA).
- 7) Tilteknar upplýsingar í umsókninni um undanþágu skulu vera undanþegnar almennum aðgangi ef að birting þessara upplýsinga myndi grafa undan vernd viðskiptahagsmuna, einkum upplýsingar um vöruáætlun framleiðandans, áætlaðan kostnað og áhrif á arðsemi fyrirtækisins. Framkvæmdastjórnin skal birta ákvarðanir um veitingu undanþága á Netinu.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar sem komið var á fót skv. 9. gr. ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB <sup>(2)</sup>.

SAMPÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Efni

Í þessari reglugerð eru tilgreindar þær upplýsingar sem framleiðendur skulu veita í þeim tilgangi að sýna fram á að skilyrði fyrir undanþágu skv. 1. eða 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 séu uppfyllt.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 23, 27.1.2011, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2017 frá 16. júní 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 1.

## 2. gr.

**Skilgreiningar**

Auk skilgreininganna, sem settar eru fram í 2. og 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009, er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „umsækjandi“: framleiðandi í skilningi 1. eða 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009,
- b) „einkenni ökutækis“: eiginleikar ökutækisins, þ.m.t. massi, sértæk losun þess á koltvísyringi, fjöldi sæta, hreyfilafköst, hlutfall hreyfilafis og massa og hámarks hraði,
- c) „einkenni markaðarinnar“: upplýsingar um einkenni ökutækis og heiti og verðsvið bifreiða sem eru í beinni samkeppni við þau ökutæki sem sótt er um undanþágu fyrir,
- d) „eigin framleiðslustöð“: framleiðslu- eða samsetningarverksmiðja sem notuð er eingöngu af umsækjandanum í þeim tilgangi að framleiða eða setja saman nýjar fólksbifreiðar eingöngu fyrir þann framleiðanda, þ.m.t., þar sem við á, fólksbifreiðar sem ætlaðar eru til útflutnings,
- e) „eigin hönnunarmiðstöð“: aðstaða þar sem fullbúið ökutæki er hannað og þróað og er undir stjórn og til einkanota fyrir umsækjandann.

## 3. gr.

**Umsókn um undanþágu skv. 1. og 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009**

1. Umsækjandinn skal senda inn umsókn um undanþágu skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 í samræmi við sniðið sem tilgreint er í I. viðauka þessarar reglugerðar, og skulu þar koma fram upplýsingar sem settar eru fram í 1. mgr. 4. gr. og 5. gr. í þessari reglugerð.
2. Umsækjandinn skal senda inn umsókn um undanþágu skv. 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 í samræmi við sniðið sem tilgreint er í II. viðauka þessarar reglugerðar, og skulu þar koma fram upplýsingar sem settar eru fram í 2. mgr. 4. gr. og 6. gr. í þessari reglugerð.

## 4. gr.

**Upplýsingar um hæfisviðmiðanir**

1. Umsækjandinn skal veita eftirfarandi upplýsingar um hæfisviðmiðanirnar:
  - a) upplýsingar um skipulag eignarhalds framleiðandans eða hóps tengdra framleiðenda, ásamt viðeigandi yfirlýsingum sem sett er fram í III. viðauka,
  - b) að því er varðar framleiðanda sem sækir um undanþágu skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009, eða hóp tengdra framleiðenda í samræmi við b-lið 1. mgr. 1. gr. í þeirri reglugerð, eða að því er varðar meðlimi hóps tengdra framleiðenda í samræmi við c-lið 1. mgr. 11. gr. í þeirri

reglugerð, upplýsingar um fjölda fólksbifreiða sem eru opinberlega skráðar í Sambandinu á þremur almanaksárum á undan umsóknardeginum, eða, ef slíkar upplýsingar eru ekki tiltækar, eitt af eftirfarandi:

- áætlun sem byggir á sannprófanlegum gögnum um fjölda bifreiða sem skráðar eru á tímabilinu sem um getur í b-lið og sem umsækjandinn ber ábyrgð á,
- ef engar bifreiðar voru skráðar á tímabilinu sem um getur í b-lið skal veita upplýsingar um fjölda bifreiða sem skráðar voru á síðasta almanaksárinu sem slík gögn eru tiltæk.

2. Umsækjandinn sem sækir um undanþágu skv. 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 skal veita þau gögn sem um getur í b-lið 1. málsgreinar í þessari grein einungis fyrir almanaksárið á undan umsóknardegi.

## 5. gr.

**Markmið um sértæka losun og geta til að draga úr losun skv. 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009**

1. Umsækjandinn skal gefa upp sértæka meðaltalslosun fólksbifreiða sinna á koltvísyringi sem skráðar voru árið 2007, nema sértæk meðaltalslosun koltvísyrings fyrir það ár sé skráð í IV. viðauka við þessa reglugerð. Séu þessar upplýsingar ekki tiltækar skal umsækjandinn gefa upp sértæka meðaltalslosun fólksbifreiða sinna á koltvísyringi sem skráðar voru á næstkomandi almanaksári sem næst er árinu 2007.
2. Umsækjandinn skal veita eftirfarandi upplýsingar um starfsemi sína:
  - a) fjölda starfsmanna og stærð framleiðslustöðvarinnar í fermetrum fyrir almanaksárið næst á undan umsóknardeginum,
  - b) rekstrarlíkan framleiðslustöðvarinnar þar sem tilgreint er hvaða hönnunar- og framleiðslustarfsemi er framkvæmd af umsækjanda og hverju er útvistað,
  - c) ef um er að ræða tengt fyrirtæki, þá upplýsingar um hvort að framleiðendur deila tækni og hvaða starfsemi er útvistað,
  - d) sölumagn, ársveltu, hreinan hagnað og fjármotkun í rannsóknir og þróun fyrir næstu fimm almanaksár á undan umsóknardegi og, ef um er að ræða tengt fyrirtæki, heildartilfærslur til móðurfélagsins,
  - e) eiginleika markaða þeirra,
  - f) verðlista fyrir allar útfærslur bifreiða sem undanþágan á að taka til, næsta almanaksár á undan umsóknardegi, og áætlaðan verðlista fyrir bifreiðar sem áætlað er að setja á markað og undanþágurnar eiga að taka til.

Þegar framleiðandi, sem er ábyrgur fyrir meira en 100 bifreiðum á ári, skilar inn umsókn skulu opinberir, vottaðir reikningar fylgja upplýsingunum sem um getur í d-lið, eða þeir vottaðir af óháðum endurskoðanda.

3. Umsækjandinn skal veita eftirfarandi upplýsingar um tæknilega getu sína:

- a) skrá yfir þá tækni sem notuð er til að draga úr losun koltvísýrings í fólksbifreiðum framleiðanda sem voru á markaði árið 2007 eða, liggja þessi gögn ekki fyrir, þá fyrir það ár sem er næst árinu 2007, eða ef um er að ræða framleiðendur sem hyggjast koma inn á markaðinn, þá fyrir það ár sem undanþágan gildir fyrst,
- b) skrá yfir þá tækni sem notuð er til að draga úr losun koltvísýrings í fólksbifreiðum framleiðanda samkvæmt áætluninni um að draga úr losun og viðbótarkostnaður vegna þessarar tækni fyrir hverja útfærslu bifreiðar sem umsóknin gildir um.

4. Umsækjandinn skal í samræmi við getuna til að draga úr losun gera tillögu að markmiði um sértæka losun fyrir undanþágutímabilið. Umsækjandinn getur einnig lagt til árleg markmið um sértæka losun.

Markmiðið um sértæka losun eða markmiðið um árlega, sértæka losun skal ákvarðað þannig að dregið hafi úr sértækri meðaltalslosun við gildislok undanþágutímabilsins í samanburði við sértæka meðaltalslosun koltvísýrings sem um getur í 1. málsgrein.

5. Markmiðinu um sértæka losun eða markmiðinu um árlega, sértæka losun, sem umsækjandinn gerir tillögu um í samræmi við d-lið 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009, skal fylgja áætlun um að draga úr losun að því er varðar sértæka losun koltvísýrings frá nýja flotanum.

Í áætluninni um að draga úr losun skal tilgreina eftirfarandi:

- a) tímaáætlun fyrir innleiðingu tækni til að draga úr losun koltvísýrings í flota umsækjanda,
- b) áætlaðar skráningar í Sambandinu hvert ár undanþágutímabilsins og áætluð sértæk meðaltalslosun koltvísýrings og áætlaður meðalmassi,
- c) ef um er að ræða markmið um árlega, sértæka losun, þá árlegar úrbætur að því er varðar sértæka losun koltvísýrings fyrir þá útfærslu ökutækis sem tæknin til að draga úr koltvísýringi er innleidd fyrir.

6. Meta skal hvort umsækjandi fylgi markmiði um sértæka losun eða markmiði um árlega, sértæka losun í samræmi við 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 hvert ár undanþágutímabilsins.

6. gr.

#### **Markmið um að draga úr losun vegna undanþágu skv. 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009**

1. Umsækjandinn skal gefa upp sértæka meðaltalslosun fólksbifreiða sinna á koltvísýringi sem skráðar voru árið 2007, nema sértæk meðaltalslosun koltvísýrings fyrir það ár sé skráð í IV. viðauka við þessa reglugerð.

2. Markmiðið um losun sem ákvarðað er í samræmi við 4. mgr. 11. gr. í reglugerð (EB) nr. 443/2009 gildir með tilliti til sértæks viðmiðunarmeðaltals losunar koltvísýrings sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

3. Ef upplýsingar um sértæka meðaltalslosun framleiðanda á koltvísýringi árið 2007 liggja ekki fyrir skal umsækjandinn veita upplýsingar um eiginleika ökutækja fyrir allar gerðir bifreiða sem hann framleiðir, sem og um þann fjölda bifreiða sem umsækjandinn framleiðir sem umsækjandinn áformar að skrá í Sambandinu á fyrsta undanþáguárinu. Umsækjandinn skal tilgreina fyrir allar útfærslur bifreiða hvaða flokki ökutækja, sem tilgreindir eru í töflunni í V. viðauka, útfærslan tilheyrir.

4. Reikna skal út markmiðið um sértæka losun árlega út frá 25% minnkun á losun frá grunnviðmiðinu fyrir hvern flokk ökutækja sem settur er fram í V. viðauka.

7. gr.

#### **Mat framkvæmdastjórnarinnar**

1. Hafi framkvæmdastjórnin ekki hreyft neinum andmælum innan níu mánaða frá því fullgerð umsókn berst opinberlega skv. 1. eða 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 skulu víðeigandi skilyrði til að beita undanþágunni teljast uppfyllt. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að umsóknin sé ófullgerð, er heimilt að óska eftir viðbótarupplýsingum Hafi viðbótarupplýsingar ekki verið lagðar fram innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í beiðninni er framkvæmdastjórninni heimilt að hafna umsókninni.

Ef um er að ræða synjun vegna þess að umsóknin er ekki fullgerð eða vegna þess að framkvæmdastjórnin kemst að þeirri niðurstöðu að fyrirhuguð markmið um sértæka losun séu ekki í samræmi við getu umsækjanda til þessa draga úr losun, er umsækjandanum heimilt að leggja fram fullgerða eða endurskoðaða umsókn um undanþágu.

2. Umsóknir skulu sendar inn í prentuðu og rafrænu formi og skal beint til Aðalskrifstofu Evrópusambandsins, 1049 Brussel, Belgíu, merkt „Undanþága vegna reglugerðar (EB) nr. 443/2009“. Rafrænu útgáfuna skal senda á virkt pósthólf sem tilgreint er í I. viðauka.

3. Komi í ljós að upplýsingarnar í umsókninni séu rangar eða ónákvæmar skal afturkalla ákvörðunina um að veita undanþágu.

8. gr.

#### **Almennur aðgangur að upplýsingum**

1. Umsækjandi sem telur að upplýsingar sem lagðar eru fram vegna umsóknarinnar skuli ekki birtar í samræmi við 9. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 skal tilgreina það í umsókninni og færa rök fyrir því hvers vegna birting upplýsinga geti grafið undan verndun viðskiptahagsmuna umsækjandans, þ.m.t. hugverkarétti.

2. Undanþagan frá réttinum á almennum aðgangi að skjölum, sem settur er fram í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001<sup>(1)</sup> skal talin gilda um eftirfarandi tegundir upplýsinga:

- a) upplýsingar um áætlunina um að draga úr losun sem um getur í 5. gr., einkum upplýsingarnar varðandi þróun á vöruúrvali framleiðanda,

<sup>(1)</sup> Stjtuð. ESB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

- b) áætluð áhrif tækni til að draga úr losun koltvísýrings á framleiðslukostnað, kaupverð ökutækja og arðsemi fyrirtækisins.

9. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. janúar 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

José Manuel BARROSO

*forseti.*

---

## I. VIÐAUKI

**Staðlað snið fyrir umsókn um undanþágu sem framleiðendur, sem uppfylla viðmiðanirnar í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009, senda inn**

Rafræna útgáfu umsóknarinnar skal senda á eftirfarandi tölvupóstfang:

EC-CO2-LDV-IMPLEMENTATION@ec.europa.eu

**1. Nafn, heimilisfang og tengiliður framleiðandans eða hóps tengdra framleiðenda**

Heiti framleiðenda	Póstfang	Nafn tengiliðar	Tölvupóstfang tengiliðar	Símanúmer tengiliðar

**2. Viðmiðanir um hæfi**

2.1. Er umsækjandi hluti af hópi tengdra framleiðenda?

JÁ (yfirlýsing, eins og sett er fram í III. viðauka skal fylgja með)

NEI

2.2. Er umsækjandi hluti af hópi tengdra framleiðenda en starfrækir eigin framleiðslustöðvar og hönnunarmiðstöð?

JÁ (yfirlýsing eins og sett er fram í III. viðauka skal fylgja, sjá lið 2.3)

NEI (sjá lið 2.4 og 2.5)

2.3. Fjöldi skráninga í Sambandinu ef umsóknin varðar ótengdan framleiðanda eða tengdan framleiðanda sem starfrækir eigin framleiðslustöðvar og eigin hönnunarmiðstöð:

2.3.1. Opnberar tölur þrjú næstu almanaksár fyrir umsóknardag

Ár			
Fjöldi skráninga innan ESB			

2.3.2. Séu opinberu tölurnar, sem um getur í lið 2.3.1, ekki fyrirleggjandi fyrir tímabilið, sem þar getur um, skal mat byggt á sannrófanlegum gögnum

Ár			
Fjöldi skráninga innan ESB			

2.3.3. Séu tölurnar í lið 2.3.1 og 2.3.2 ekki fyrirleggjandi fyrir það tímabil, þá tölur fyrir síðasta almanaksár sem slík gögn liggja fyrir um

Ár	
Fjöldi skráninga innan ESB	

2.4. Ef umsóknin varðar hóp tengdra framleiðenda skal veita upplýsingar um eftirfarandi:

Heiti framleiðenda	Póstfang	Nafn tengiliðar	Tölvupóstfang tengiliðar	Símanúmer tengiliðar

- 2.5. Fjöldi skráninga hóps tengdra framleiðenda í Sambandinu ef umsóknin varðar hóp tengdra framleiðenda og umsækjandinn starfrækir ekki eigin framleiðslustöðvar og eigin hönnunarmiðstöð:

- 2.5.1. Opinberar tölur þrjú næstu almanaksár fyrir umsóknardag

Ár			
Fjöldi skráninga innan ESB			

- 2.5.2. Séu opinberu tölurnar, sem um getur í lið 2.5.1, ekki fyrirleggjandi fyrir tímabilið, sem þar getur um, skal mat byggt á sannprófanlegum gögnum

Ár			
Fjöldi skráninga innan ESB			

- 2.5.3. Séu tölurnar í lið 2.5.1 og 2.5.2 ekki fyrirleggjandi fyrir það tímabil, þá tölur fyrir síðasta almanaksár sem slík gögn liggja fyrir um

Ár	
Fjöldi skráninga innan ESB	

3. **Tímabilið sem óskað er eftir að undanþágan taki til**

Fjöldi almanaksára (að hámarki 5)	
-----------------------------------	--

4. **Tillaga um markmið um sértæka losun reiknað út sem meðaltal flotans fyrir undanþágutímabilið eða aðskilin markmið um sértæka losun ef um er að ræða árlega minnkun losunar (í g af koltvísýringi á kílómetra)**

Ár					
Markmið um sértæka meðaltalslosun (g af koltvísýringi á kílómetra)					

5. **Sértækar upplýsingar um fyrirtæki**

- 5.1. Sértæk meðaltalslosun koltvísýrings á árinu 2007 ef það er ekki tekið með í IV. viðauka (eða ef það er ekki fyrirleggjandi fyrir það almanaksár sem er næst 2007)

- 5.2. Fjöldi starfsmanna á síðasta almanaksári fyrir umsóknardag

- 5.3. Stærð framleiðslustöðvarinnar í fermetrum almanaksárið fyrir umsóknina

- 5.4. Sölumagn síðustu fimm ár fyrir umsóknardag

Ár					
Sölumagn					

- 5.5. Ársvelta síðustu fimm ár fyrir umsóknardag

Ár					
Velta					

- 5.6. Eiginleikar markaðarins

Upplýsingar um fyrirhugaðar framleiðsluvörur, sem ekki eru fáanlegar á markaði þegar umsóknin er lögð fram, skal færa á þann hluta umsóknarinnar sem trúnaðarkvöð gildir um.

- a) Einkenni ökutækisins,  
b) nöfn og verðsvið þeirra ökutækja sem eru í beinni samkeppni árið fyrir umsóknardag,

c) verðlisti yfir ökutæki, sem undanþágan skal ná til, árið fyrir umsóknardag eða árið sem er næst umsóknardeginum.

5.7. Stutt lýsing á rekstrarlíkani framleiðslustöðvarinnar

HLUTI UMSÓKNARINNAR SEM TRÚNAÐARKVÖÐ GILDIR UM

5.8. Hreinn hagnaður síðustu fimm ár fyrir umsóknardag

Ár					
Hreinn hagnaður					

5.9. Fjármotkun í rannsóknir og þróun síðustu fimm ár fyrir umsóknardag

Ár					
Fjármotkun í rannsóknir og þróun					

5.10. Heildarmillifærsla fjármagns til móðurfélags ef um er að ræða tengd fyrirtæki síðust fimm ár fyrir umsóknardag

Ár					
Heildarmillifærslur					

6. **Upplýsingar um fólksbifreiðar sem setja skal á markað í Sambandinu og sem umsækjandinn mun bera ábyrgð á**

6.1. Eiginleikar markaðarins

6.1.1. Einkenni ökutækisins,

6.1.2. Nöfn og verðsvið þeirra ökutækja sem eru í beinni samkeppni árið fyrir umsóknardag,

6.1.3. Fyrirhugaður verðlisti ökutækjanna sem undanþágan á að taka til.

7. **Tæknileg geta umsækjanda**

7.1. Skrá yfir þá tækni sem notuð er til að draga úr losun koltvísýrings árið 2007 í flota umsækjanda,

7.2. Ef skráin, sem um getur í lið 7.1, liggur ekki fyrir, þá skrá fyrir það ár sem er næst árinu 2007,

7.3. Ef umsækjendur fyrirhuga að koma inn á markað Sambandsins, þá skal leggja fram skrána, sem um getur í lið 7.1, fyrsta árið sem undanþágan gildir.

8. **Áætlun umsækjanda um að draga úr losun**

8.1. Tímaáætlun fyrir innleiðingu tækni til að draga úr losun koltvísýrings í flota,

8.2. Áætlað meðaltal flotans á undanþágutímabilinu:

8.2.1. Skráningar í Sambandinu á ári á undanþágutímabilinu:

8.2.2. Áætlaður meðalmassi ökutækja sem áformað er að setja á markað í Sambandinu

8.2.3. Áætluð sértæk meðaltalslosun koltvísýrings frá ökutækjum sem áformað er að setja á markað í Sambandinu

8.3. Tækni til að draga úr losun koltvísýrings sem nota á í flota umsækjanda í áætluninni um að draga úr losun,

8.4. Viðbótarkostnaður á hverja útfærslu ökutækis vegna tækni sem nota á sem hluta af áætluninni,

8.5. Ef um er að ræða árleg markmið, þá árlegar framfarir í sértækri losun koltvísýrings fyrir þá útfærslu ökutækis sem tæknin til að draga úr koltvísýringi er innleidd fyrir.

## II. VIÐAUKI

**Staðlað snið fyrir umsókn um undanþágu sem framleiðendur, sem uppfylla skilyrðin í 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009, senda inn**

## OPINBER HLUTI UMSÓKNARINNAR

1. **Nafn, heimilisfang og tengiliður framleiðandans eða hóps tengdra framleiðenda**

Heiti framleiðenda	Póstfang	Nafn tengiliðar	Tölvupóstfang tengiliðar	Símanúmer tengiliðar

2. **Viðmiðanir um hæfi**

## 2.1. Er umsækjandi hluti af hópi tengdra framleiðenda?

JÁ (yfirlýsing eins og sett er fram í III. viðauka skal fylgja, sjá lið 2.3)

NEI (sjá lið 2.2)

## 2.2. Fjöldi skráninga í Sambandinu ef umsóknin varðar ótengdan framleiðanda:

## 2.2.1. Opinberar tölur á síðasta almanaksári á undan umsóknardeginum

Ár	
Fjöldi skráninga innan ESB	

## 2.2.2. Séu opinberu tölurnar, sem um getur í lið 2.2.1, ekki fyrirbyggjandi fyrir tímabilið, sem þar getur um, skal mat byggt á sannprófanlegum gögnum

Ár	
Fjöldi skráninga innan ESB	

## 2.2.3. Séu tölurnar í lið 2.2.1 og 2.2.2 ekki fyrirbyggjandi fyrir það tímabil, þá tölur fyrir síðasta almanaksár sem slík gögn liggja fyrir um

Ár	
Fjöldi skráninga innan ESB	

## 2.3. Ef umsóknin varðar hóp tengdra framleiðenda:

## 2.3.1. Heiti tengdra framleiðenda

## 2.3.2. Fjöldi skráninga í Sambandinu á almanaksárinu á undan umsóknardeginum fyrir hóp tengdra framleiðenda

Ár	
Fjöldi skráninga innan ESB	

## 2.3.3. Sé talan sem um getur í lið 2.3.2 ekki fyrirbyggjandi skal nota tölu eða áætlun sem byggir á sannprófanlegum gögnum frá síðasta almanaksárinu sem slík gögn liggja fyrir um.

Ár	
Fjöldi skráninga innan ESB	



**3. Upplýsingar um fólksbifreiðar sem umsækjandinn ber ábyrgð á**

Upplýsingar um fyrirhugaðar framleiðsluvörur, sem ekki eru fánlegar á markaði þegar umsóknin er lögð fram, skal færa á þann hluta umsóknarinnar sem trúnaðarkvöð gildir um.

- 3.1. Sértek meðaltalslosun koltvísýrings 2007 ef það er ekki tekið með í IV. viðauka þessarar reglugerðar
- 3.2. Eftirfarandi, ef gögn fyrir 2007 liggja ekki fyrir:
  - a) skráningar í Sambandinu, eða áætlun sem byggð er á sannprófanlegum gögnum ef opinberar tölur liggja ekki fyrir á umsóknartímanum, á því almanaksári sem næst er árinu 2007,
  - b) einkenni ökutækisins fyrir allar gerðir bifreiða,
  - c) skrá yfir bifreiðar sem flokkaðar eru eftir flokki ökutækis eins og fram kemur í V. viðauka,

**4. Markmið um sértæka losun um 25% minnkun frá grunnviðmiði ársins 2007****HLUTI UMSÓKNARINNAR SEM TRÚNAÐARKVÖÐ GILDIR UM****5. Upplýsingar um fólksbifreiðar sem umsækjandinn hyggst setja á markað í Sambandinu (varðar framleiðendur sem ekki eru teknir með í IV. viðauka)**

- 5.1. Einkenni ökutækis fyrir allar bifreiðar
- 5.2. Skrá yfir bifreiðar sem flokkaðar eru eftir flokki ökutækis eins og fram kemur í V. viðauka
- 5.3. Væntar skráningar ökutækja í ESB á fyrsta undanþáguárinu

—————

## III. VIÐAUKI

**Staðlað snið yfirlýsingarinnar um eignarhaldsform**

*Ákvæði a-liðar 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009,*

Ég lýsi því hér með yfir að ég hef löglegt umboð til að koma fram fyrir hönd [heiti] (framleiðandinn), sem sækir um undanþágu skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009, og sem er ekki hluti af hópi tengdra framleiðenda eins og skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. Samkvæmt minni bestu vitund er [heiti] (framleiðandinn) hæfur til að sækja um undanþágu skv. 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 og upplýsingarnar í umsókninni réttar og nákvæmar. Upplýsingar um eignarhaldsform [heiti] (framleiðandinn) eru meðfylgjandi.

Undirskrift                      Dagsetning

Framkvæmdastjóri [framleiðanda]

*Ákvæði b-liðar 1. mgr. 11. gr. eða a-liðar 4. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009*

Ég lýsi því hér með yfir að ég hef löglegt umboð til að koma fram fyrir hönd [heiti] (framleiðandinn), sem sækir um undanþágu skv. [1.mgr.] [4. mgr.] 11. gr. (\*) reglugerðar (EB) nr. 443/2009, og sem er hluti af hópi tengdra framleiðenda eins og skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. Samkvæmt minni bestu vitund er [heiti] (framleiðandinn) hæfur til að sækja um undanþágu skv. [1.mgr.] [4. mgr.] 11. gr. (\*) reglugerðar (EB) nr. 443/2009 og upplýsingarnar í umsókninni réttar og nákvæmar. Upplýsingar um eignarhaldsform [heiti] (framleiðandinn) eru meðfylgjandi.

Undirskrift                      Dagsetning

Framkvæmdastjóri [framleiðanda]

*Ákvæði c-liðar 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009*

Ég lýsi því hér með yfir að ég hef löglegt umboð til að koma fram fyrir hönd [nafn] (framleiðandinn), sem sækir um undanþágu skv. 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 443/2009, og sem er hluti af hópi tengdra framleiðenda eins og skilgreint er í 2. mgr. 3. gr. en starfrækir sína eigin framleiðslustöð og hönnunarmiðstöð eins og það er skilgreint í 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 000. Samkvæmt minni bestu vitund er [heiti] (framleiðandinn) hæfur til að sækja um undanþágu skv. [1.mgr.] 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 og upplýsingarnar í umsókninni réttar og nákvæmar. Upplýsingar um eignarhaldsform [heiti] (framleiðandinn) eru meðfylgjandi.

Undirskrift                      Dagsetning

Framkvæmdastjóri [framleiðanda]

\_\_\_\_\_

(\*) Tilgreina skal viðeigandi málsgrein.

## IV. VIÐAUKI

## Skrá yfir sérþæka meðaltalslosun á koltvísýringi í Sambandinu árið 2007, flokkuð eftir framleiðanda

Framleiðandi	Meðaltalslosun [g/km]	Framleiðandi	Meðaltalslosun [g/km]
AIXAM	164 000	HONDA	157 613
ALPINA	219 932	HYUNDAI	162 046
AM GENERAL	357 000	ISUZU	176 133
ASTON MARTIN	377 860	IVECO	224 770
AUDI	184 752	JAGUAR	208 219
AUSTIN	450 000	KIA	157 239
AUTOMOBILES DANGEL	153 000	LAMBORGHINI	424 087
AVTOVAZ	216 632	LAND ROVER	250 399
BEAUFORD	208 000	LOTUS	208 399
BENTLEY	411 664	MAGYAR SUZUKI	156 280
BMW	171 684	MASERATI	354 687
BRABUS	246 000	MAZDA	172 568
BRONTO	233 000	MG	186 801
BUGATTI	577 667	MICHALAK	117 000
CATERHAM	236 088	MICROCAR	178 000
CHRYSLER	226 141	MITSUBISHI	174 649
CITROEN	142 536	MK SPORTSCARS	117 000
DACIA	154 650	MORGAN	202 324
DAIHATSU	153 070	NETHERLANDS CAR	141 061
DAIMLER	182 524	NISSAN	168 408
DIAMOND	260 000	OPEL	153 699
DONKERVOORT	194 000	OSV	135 915
DR MOTOR COMPANY	193 048	PERODUA	138 135
FERRARI	434 860	PEUGEOT	142 205
FIAT	141 496	PGO	201 767
FORD	149 343	PILGRIM	193 000
FUJI HEAVY INDUSTRIES	219 488	PORSCHE	287 710
GEELY	183 000	PROTON	155 185
GENERAL MOTORS	159 604	QUADZILLA	176 000
GM DAEWOO	160 071	QUATTRO	290 774
GUMPERT	342 000	RENAULT	146 893
GWM	253 480	ROLLS ROYCE	394 526
HC & E	220 000	ROVER	188 399

Framleiðandi	Meðaltalslosun [g/km]	Framleiðandi	Meðaltalslosun [g/km]
RUF	327 000	TATA	168 310
SAAB	190 444	TIGER	244 000
SALVADOR CAETANO	224 000	TOYOTA	150 634
SANTANA	165 965	TVR	397 500
SEAT	151 184	UAZ	314 000
SHUANGHUAN	270 000	VM	185 000
SKODA	149 387	VOLKSWAGEN	162 152
SOVAB	233 822	VOLVO	189 616
SSANGYONG	223 430	WIESMANN	310 000
SUZUKI	166 012		

## V. VIÐAUKI

**Viðmiðunarlosun sem byggð er á bestu fáanlegu tækni ársins 2007 og markmið um að draga úr sértækri losun koltvísýrings um 25% fyrir hvern ökutækisflokk.**

Flokkur ökutækis	Massaflokkur <sup>(1)</sup>	Flokkur hlutfalls afls og massa	Viðmiðunarlosun [g/km]	Markmið um koltvísýringslosun [g/km]
1	1	lágur	108	81
2	1	miðlungs	118	89
3	1	hár	153	115
4	2	lágur	119	89
5	2	miðlungs	138	104
6	2	hár	153	115
7	3	lágur	121	91
8	3	miðlungs	136	102
9	3	hár	150	113
10	4	lágur	131	98
11	4	miðlungs	144	108
12	4	hár	162	122
13	5	lágur	147	110
14	5	miðlungs	152	114
15	5	hár	179	134

<sup>(1)</sup> Massi ökutækis, tilbúins til aksturs eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 443/2009.

— Massaflokkarnir samsvara eftirfarandi (hækkuð eða lækkuð í næstu heilu tölu):

Massaflokkur	Svið [kg]
1	0-1225 kg
2	1226-1375 kg
3	1376-1475 kg
4	1476-1625 kg
5	1626+ kg

— Flokkar hlutfalls afls og massa samsvara eftirfarandi (hækkað eða lækkað í næstu heilu tölu):

Flokkur hlutfalls afls og massa	Svið [W/kg]
Lágur	0-65 W/kg
Miðlungs	66-85 W/kg
Hár	86+